

L Ö G

116

30. des.

um framlenging á III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæði III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, skulu gilda til 1. febr. 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

117

30. des.

um tekjuskattsviðauka 1950.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Auk skatta þeirra, sem í 6. gr. laga nr. 6 1935, sbr. 1. gr. laga nr. 20 1942, og í lögum nr. 21 1942 getur, skal árið 1950 leggja á tekjur ársins 1949 skattauka samkvæmt eftirfarandi reglum:

Af skattskyldum tekjum lægri en 8000 kr. greiðist enginn skattauki.

Af skattskyldum tekjum yfir 8000 kr., en undir 9000 kr., greiðast 2%.

Af	9—10 þús. kr.	greiðist	20 kr. af	9 þús. og	4 % af afgangi.
— 10—12 — — —	60	— —	10 — —	5 — —	—
— 12—14 — — —	160	— —	12 — —	6 — —	—
— 14—17 — — —	280	— —	14 — —	7 — —	—
— 17—20 — — —	490	— —	17 — —	8 — —	—
— 20—25 — — —	730	— —	20 — —	9 — —	—
— 25—30 — — —	1180	— —	25 — —	10 — —	—
— 30—40 — — —	1680	— —	30 — —	11 — —	—
— 40—100 — — —	2780	— —	40 — —	12 — —	—
— 100—125 — — —	9980	— —	100 — —	10 — —	—
— 125—150 — — —	12480	— —	125 — —	7 — —	—
— 150—200 — — —	14230	— —	150 — —	5 — —	—
— 200 — — —	16730	— —	200 — —	—	—